



Árshlutareikningur 30. júní 2012

Stefnir hf.
Borgartúni 19
105 Reykjavík

Kt. 700996-2479

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra	4
Könnunaráritun óháðs endurskoðanda	6
Rekstrarreikningur	7
Efnahagsreikningur	8
Sjóðstreymisyfirlit	9
Skýringar	10
Árshlutareikningur Verðbréfasjóða	14
Samandreginn árshlutareikningur verðbréfasjóða	15
Rekstrarreikningur	16
Efnahagsreikningur	17
Yfirlit um breytingar á hlutdeildarskírteinum	18
Yfirlit um fjárfestingar	19
Skýringar	22
Árshlutareikningur Verðbréfasjóða í EUR	30
Rekstrarreikningur	31
Efnahagsreikningur	32
Yfirlit um breytingar á hlutdeildarskírteinum	33
Yfirlit um fjárfestingar	34
Skýringar	35

Árshlutareikningur Fjárfestingarsjóða	38
Samandreginn árshlutareikningur fjárfestingarsjóða	39
Rekstrarreikningur	40
Efnahagsreikningur	41
Yfirlit um breytingar á hlutdeildarskírteinum	42
Yfirlit um fjárfestingar	46
Skýringar	51
Árshlutareikningur Fjárfestingarsjóða í EUR	62
Rekstrarreikningur	63
Efnahagsreikningur	64
Yfirlit um breytingar á hlutdeildarskírteinum	65
Yfirlit um fjárfestingar	66
Skýringar	67

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Tilgangur Stefnis hf. er að annast rekstur verðbréfasjóða, fjárfestingarsjóða og fagfjárfestasjóða. Stefnir er stærsta sjóðastýringarfyrtæki landsins með um 340 milljarða króna í virkri stýringu. Einnig stýrir félagið eignum nokkurra samlagshlutafélaga sem stofnuð hafa verið um framtaksfjárfestingar. Stefnir er dótturfélag Arion banka hf. og er A-hluti árs hlutareikningsins hluti af samstæðureikningi bankans og dótturfélaga hans.

Árshlutareikningi félagsins er skipt í tvo hluta, A-hluta sem inniheldur árshlutareikning Stefnis hf. fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2012 og B-hluta sem inniheldur árshlutareikning verðbréfasjóða, fjárfestingarsjóða og fagfjárfestasjóða fyrir sama tímabil. Hann er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið á undan. Framsetning á reikningnum er í samræmi við reglur um reikningsskil rekstrarfélaga verðbréfasjóða sem settar eru af Fjármálaeftirlitinu, samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki.

Starfsemi á tímabilinu

Hagnaður varð af rekstri félagsins á tímabilinu að fjárhæð 626 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Eigið fé félagsins í lok tímabils nam 2.313 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi. Eiginfjárlutfall sem reiknað er samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki er 78,5% en samkvæmt lögnum má hlutfallið ekki vera lægra en 8,0 %.

Hlutfé félagsins nam í upphafi og lok tímabils 43,5 millj. kr. og var það allt í eigu Arion banka hf. og tengdra félaga.

Helstu atburðir í rekstri félagsins á fyrri árs helmingi 2012

Aðalfundur félagsins var haldinn 20. mars 2012 en þar var tekin ákvörðun um 700 millj. kr. arðgreiðslu til hluthafa Stefnis. Stjórn Stefnis er óbreytt frá síðasta hluthafafundi en Hrund Rudolfsdóttir er stjórnarformaður, Snjólfur Ólafsson varaformaður stjórnar, Eggert Teitsson, Kristján Jóhannsson og Svava Bjarnadóttir eru meðstjórnendur. Stefnir hlaut þá viðurkenningu fyrst íslenskra fyrirtækja að vera „Fyrirmyndarfyrirtæki í góðum stjórnarháttum“. Viðurkenningin er veitt af Rannsóknarmiðstöð um stjórnarhætti við Háskóla Íslands og byggir m.a. á úttekt endurskoðunarfyrtækisins KPMG ehf.

Stefnir hefur einsett sér að bjóða breitt úrval verðbréfa- og fjárfestingarsjóða til að mæta þörfum fjárfesta. Ríkisskuldabréfasjóðir í stýringu Stefnis eru nú 6 talsins og mæta vel þörfum einstaklinga og fagfjárfesta. Í apríl 2012 var rekstrarformi Stefnis – Lausafjár sjóðs breytt úr verðbréfasjóði í fjárfestingarsjóð. Eftir að hafa verið ár í rekstri var ljóst að sjóðurinn höfðaði vel til fjárfesta en sjóðurinn hefur að mestu fjárfest í innlánnum fjármálafyrirtækja hér á landi. Það var mat Stefnis, í ljósi þess hversu ólík fjármálafyrirtæki sem taka við innlánnum á markaði eru að stærð og vegna samþjöppunar á markaði að dreifing innlána á svo marga aðila gæti í einhverjum tilfellum gengið gegn hagsmunum hlutdeildarskréteinishafa. Fjárfestingarsjóðir hafa rýmri heimildir til fjárfestingar í innlánnum og því var ákveðið að breyta rekstrarformi sjóðsins.

Ávöxtun skuldabréfa fyrstu 6 mánuði ársins var nokkuð sveiflukennd. Árið byrjaði vel í verðtryggðum skuldabréfum þar sem ávöxtun var nokkuð góð fyrsta ársfjórðunginn með hækkandi vísitölu neysluverðs og lækkandi kröfu verðtryggðra skuldabréfa. Á móti byrjaði árið frekar illa í óverðtryggðum skuldabréfum þar sem ávöxtunarkrafan hækkaði og ávöxtun var töluvert neikvæð í lok fyrsta ársfjórðungs. Gengi flokkanna snerist algjörlega við á öðrum ársfjórðungi þar sem ávöxtun óverðtryggðra skuldabréfa var mjög góð á öðrum fjórðungnum meðan verðtryggð skuldabréf áttu undir högg að sækja. Það hafa því verið miklar sviptingar á skuldabréfamarkaðnum fyrstu 6 mánuði ársins og ávöxtun skuldabréfasjóða Stefnis ber vott um það.

Erlendir hlutabréfamarkaðir sveifluðust einnig nokkuð fyrstu sex mánuði ársins. Töluverðar hækkanir voru fyrstu 3 mánuði ársins á öllum mörkuðum en lækkunir á öðrum ársfjórðungi og þá sérstaklega í Evrópu. Skuldavandi Evrópuríkja og pólitísk óvissa hafði þar mest áhrif. Erlendir hlutabréfasjóðir í rekstri Stefnis fóru ekki varhluta af þessu en stóðu sig þó vel í samanburði við viðmiðunarvísitölur og samkeppnisaðila.

Innlendir hlutabréfasjóðir og blandaðir sjóðir með áherslu á innlend hlutabréf áttu mjög gott tímabil en innlendir hlutabréfamarkaður hefur hækkað ríkulega á fyrri árs helmingi 2012 og þannig stuðlað að góðri ávöxtun sjóðanna. Einnig er greinilegt að umfjöllun um nýskráningar og aukið traust fjárfesta til innlendra félaga hefur stuðlað að stækkun innlendra hlutabréfasjóða og blandaðra sjóða Stefnis.

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra, frh.

Sérhæfðar fjárfestingar hafa aukist nokkuð síðustu misseri, einkum fjárfestingar í innlendum, óskráðum hlutafélögum og fasteignum. Samlagshlutafélög í rekstri Stefnis hafa tekið nokkrum breytingum frá áramótum, en í janúar 2012 undirritaði SF III slhf. samning um kaup á 82% hlut í Jarðborunum hf. og tóku nýir eigendur við hlutum sínum í mars sl. Fagfjárfestasjóðurinn SÍA I afhenti öll hlutabréf sín í Högum hf. til sjóðsfélaga sinna, en hlutirnir voru upphaflega keyptir í gegnum Búvelli slhf. Sjóðurinn seldi öll hlutabréf sín í Sjóklæðagerðinni hf. í mars en sjóðurinn átti hlut í félaginu í gegnum SF II slhf.

Í lok júní 2012 lauk Stefnir við stofnun SRE II slhf. Félagið hefur það að markmiði að fjárfesta í íslensku atvinnuhúsnæði og fjárfestingargeta félagsins er um 16,4 milljarðar króna. Fjárfest hefur verið í tveimur fasteignum; annars vegar Borgartúni 37 sem hýsir höfuðstöðvar Nýherja og hins vegar Sætúni 10, þar sem Advania er til húsa. Hluthafar félagsins eru margir af öflugustu lífeyrissjóðum og tryggingafélögum landsins

Framtíðaratburðir, áhættu- og óvissuþættir í rekstri félagsins á seinni árshefningi 2012

Gjaldeyrishöft hamla vexti erlendra sjóða í rekstri félagsins, hvort tveggja er lokað fyrir nýfjárfestingu, og einnig hafa aðgerðir Seðlabanka Íslands vegna afnáms gjaldeyrishafta þrýst á sölu íslenskra lífeyrissjóða á erlendum verðbréfasjóðum.

SF1 slhf., félag í rekstri Stefnis nýtti sér kauprétt að 20,6% eignarhlut í Sjóvá – Almennum tryggingum hf. í byrjun ágúst 2012. Eftir nýtingu kaupréttarins á SF1 slhf 73% eignarhlut í Sjóvá. Eignasafn Seðlabanka Íslands ehf. var seljandi hlutarins. SF1 slhf. er í eigu lífeyrissjóða og annara fagfjárfesta en SÍA I og fagfjárfestasjóðurinn Stefnir ÍS-5 eru í þeim hópi.

Á haustmánuðum stendur til að stofnsetja SÍA II slhf., félag um fjárfestingar í íslenskum, óskráðum fyrirtækjum. Sjóðurinn mun byggja á reynslu af SÍA I.

Undir lok síðasta árs voru stofnaðir sjóðirnir OFAN VÍ og OFAN SVÍV. Tilgangur sjóðanna er að fjárfesta í lánasamningum við Verzlunarskóla Íslands annars vegar og sjálfseignarstofnunina SVÍV hins vegar. Sjóðirnir fjármögnuðu lánasamningana með útgáfu skuldabréfa og hlutdeildarskirteina sem seld hafa verið til fagfjárfesta. Skuldabréf sjóðanna eru í skráningarferli og er stefnt að skráningu á þriðja ársfjórðungi 2012.

Stjórn Stefnis vekur athygli á því að félaginu hafa borist stefnur frá slitastjórn Landsbanka Íslands hf. vegna viðskipta sjóða í stýringu félagsins við Landsbanka Íslands hf., fyrir og í kringum fall bankans. Nánari lýsingu er að finna í skýringu 17.

Áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Stjórn og framkvæmdastjóri Stefnis hf. staðfesta hér með árshlutareikning félagsins fyrir tímabili 1. janúar til 30. júní 2012 með undirritun sinni.

Reykjavík, 29. ágúst 2012

Í stjórn félagsins:

Skemil Rindal
Sigríður Ólafsson
Svara Bjarnadóttir

Egget Teif
Kjartan Þorsteinsson

Framkvæmdastjóri:

Floki Hauðinn

Könnunaráritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa í Stefni hf. og eigenda hlutdeildarskrteina í verðbréfasjóðum Stefni hf. og fjárfestingarsjóðum Stefni hf.

Við höfum kannað meðfylgjandi árshlutareikning Stefni hf. fyrir tímabilið 1. janúar - 30. júní 2012. Árshlutareikningurinn er í tveim hlutum; A-hluti, sem er rekstrarfélagið sjálft, og B-hluti, sem inniheldur verðbréfasjóði og fjárfestingasjóði rekstrarfélagsins. A-hlutinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, og skýringar fyrir Stefni hf. B-hlutinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit yfir breytingar á hreinni eign, yfirlit um fjárfestingar og skýringar fyrir verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði rekstrarfélagsins. Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu árshlutareikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Ábyrgð okkar felst í ályktun okkar um árshlutareikninginn sem byggir á könnuninni.

Umfang könnunar

Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2410, sem fjallar um könnun óháðs endurskoðanda á árshlutareikningum. Slík könnun felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum félagsins ásamt greiningum á hinum ýmsu liðum reikningsskilanna og öðrum könnunaraðgerðum. Könnun felur ekki í sér jafn viðtækar aðgerðir og endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki vist að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við ekki í ljós álit um endurskoðun.

Ályktun

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til annars en að árshlutareikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins og sjóða þess á tímabilinu, efnahag 30. júní 2012, breytingu á handbæru fé félagsins á tímabilinu og breytingu á hreinni eign sjóðanna, í samræmi við lög um ársreikninga, lög um fjármálafyrirtæki og reglur um reikningsskil rekstrarfélaga verðbréfasjóða sem settar eru af Fjármálaeftirlitinu.

Reykjavík, 29. ágúst 2012

Ernst & Young ehf.



Margrét Pétursdóttir
löggiltur endurskoðandi

Rekstrarreikningur 1. janúar til 30. júní 2012

	Skýr.	1.1. - 30.6 2012	1.1. - 30.6 2011
Rekstrartekjur			
Umsýslu- og árangurstengdar þóknanir	4	1.114.900	694.339
Hreinar fjármunatekjur	10	51.726	39.173
Hreinar rekstrartekjur		<u>1.166.626</u>	<u>733.512</u>
Rekstrargjöld			
Laun og launatengd gjöld	11	177.350	136.174
Vörsluþóknun		84.234	80.440
Þjónustugjöld til Arion banka hf.		17.559	25.469
Annar kostnaður		93.919	102.701
Rekstrargjöld		<u>373.062</u>	<u>344.783</u>
Hagnaður fyrir tekjuskatt		793.564	388.729
Tekjuskattur	9, 12	(167.986)	(77.746)
Hagnaður tímabilsins	15	<u>625.578</u>	<u>310.983</u>

Efnahagsreikningur 30. júní 2012

	Skýr.	30.06.2012	31.12.2011
Eignir			
Verðbréf með breytilegum tekjum		1.283.447	1.035.038
Verðbréf með föstum tekjum		73.366	76.884
Verðbréf samtals	5, 13	<u>1.356.814</u>	<u>1.111.922</u>
Krafa á móðurfélag		294.009	108.953
Viðskiptakröfur	7	<u>335.057</u>	<u>273.833</u>
Kröfur samtals		<u>629.065</u>	<u>382.786</u>
Tekjuskattseign	9, 16	51.175	209.888
Aðrar eignir		25.208	9.749
Handbært fé	8	<u>541.196</u>	<u>1.039.777</u>
Aðrar eignir samtals		<u>617.579</u>	<u>1.259.414</u>
Eignir samtals		<u><u>2.603.458</u></u>	<u><u>2.754.121</u></u>
Eigið fé			
Hlutfé		43.500	43.500
Lögbundinn varasjóður		10.875	10.875
Óráðstafað eigið fé		<u>2.259.122</u>	<u>2.333.545</u>
Eigið fé samtals	15	<u>2.313.497</u>	<u>2.387.920</u>
Skuldir			
Skuldir við móðurfélag		196.415	204.116
Viðskiptaskuldir		2.163	21.640
Aðrar skammtímaskuldir		<u>91.383</u>	<u>140.446</u>
Skuldir samtals		<u>289.961</u>	<u>366.202</u>
Skuldir og eigið fé samtals		<u><u>2.603.458</u></u>	<u><u>2.754.121</u></u>

Sjóðstreymisýfirlit 1. janúar til 30. júní 2012

	Skýr.	1.1. - 30.6 2012	1.1. - 30.6 2011
Rekstrarhreyfingar			
Hagnaður tímabilsins	15	625.578	310.983
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Verðbreytingar verðbréfaeignar	(37.075)	(8.385)
Gjaldfærður tekjuskattur		167.986	77.745
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	(337.979)	167.062
		<u>418.510</u>	<u>547.405</u>
Greiddur tekjuskattur	(9.273)	0
Handbært fé frá rekstri		<u>409.236</u>	<u>547.405</u>
Fjárfestingahreyfingar			
Verðbréf með breytilegum tekjum, breyting	(213.540)	(161.654)
Verðbréf með föstum tekjum, breyting		5.723	(368)
Fjárfestingahreyfingar	(<u>207.817)</u>	<u>(162.022)</u>
Fjármögnungarhreyfingar			
Greiddur arður	15	<u>(700.000)</u>	<u>(500.000)</u>
Fjármögnunarahreyfingar		<u>(700.000)</u>	<u>(500.000)</u>
Lækkun á handbæru fé		(498.581)	(114.616)
Handbært fé í ársbyrjun		1.039.777	847.747
Handbært fé í lok tímabils	8	<u>541.196</u>	<u>733.131</u>

Skýringar

Reikningsskilaaðferðir

1. Almennar upplýsingar

Stefnir hf. er hlutafélag sem starfar á grundvelli laga nr. 2/1995 um hlutafélög og laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Aðsetur Stefnis er að Borgartúni 19, Reykjavík og kennitala félagsins er 700996-2479.

Stefnir hf. er dótturfélag í eigu Arion banka hf., kt. 581008-0150, Borgartúni 19, Reykjavík

2. Grundvöllur reikningsskila

Árshlutareikningur Stefnis hf., A-hluti, er gerður í samræmi við lög um ársreikninga, lög um fjármálafyrirtæki og reglur um reikningsskil rekstrarfélaga verðbréfasjóða. Hann er byggður á kostnaðarverðsreikningsskilum að því undanskildu að verðbréf eru almennt metin á markaðsverði. Árshlutareikningurinn er gerður í íslenskum krónum og eru fjárhæðir birtar í þúsundum. Félagið er dótturfélag Arion banka hf. Árshlutareikningur félagsins er hluti af samstæðureikningi móðurfélagsins og eru upplýsingar um rekstur og fjárhagsstöðu samstæðunnar þar.

3. Matsaðferðir

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Þó svo mat þessara liða sé gert samkvæmt bestu vitund stjórnenda getur raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

4. Umsýslu- og árangurstengdar þóknarir

Félagið fær eignastýringarþóknun fyrir rekstur verðbréfa-, fjárfestingar- og fagfjárfestasjóða Stefnis hf. Þóknunin reiknast sem fast hlutfall af hreinni eign hvers sjóðs og innifelur eftirtalinn kostnað við rekstur sjóðanna; laun starfsmanna rekstrarfélagsins, markaðskostnað og umsýslu. Einnig fær félagið þóknun fyrir rekstur samlagshlutafélaga sem stofnuð hafa verið um framtaksfjárfestingar. Þá sér rekstrarfélagið um eignastýringu erlendra sjóða sem eru í vörslu erlendra aðila og fær greidda þóknun fyrir. Auk þess fær félagið árangurstengdar þóknarir.

5. Verðbréf

a. Verðbréf með breytilegum tekjum

Verðbréf í eigu rekstrarfélagsins eru veltuverðbréf. Hlutdeildarskírteini eru metin á gildandi kaupverði í árslok. Skráð hlutdeildarskírteini eru eignfærð á markaðsverði í lok árs.

b. Verðbréf með föstum tekjum

Skuldabréf sem skráð eru á skipulögðum verðbréfamarkaði sem er virkur og verðmyndandi eru metin á markaðsverði hvers tíma. Með virkum og verðmyndandi markaði er vísað í að dagslokagengi skuldabréfs sé ekki byggt á gömlu viðskiptaverði, viðskiptum með óverulegan hlut af heildarútgáfu skuldabréfaflokks eða endurspegli ekki raunvirði skuldabréfs að mati sérfræðinga. Séu horfur á vanefndum útgefanda skuldabréfs er virði þess metið út frá væntum endurheimtum þar sem meðal annars er horft til forgangskrafna.

Skuldabréf útgefanda sem metinn er rekstrarhæfur en er ekki með virka verðmyndun á skipulögðum verðbréfamarkaði er metið á grundvelli ávöxtunarkröfu. Við mat á hæfilegri ávöxtunarkröfu hvers skuldabréfs er horft til almennrar áhættu og aðstæðna á markaði í lok tímabils.

Við mat skuldabréfs útgefanda sem ekki er metinn rekstrarhæfur er horfið frá aðferðarfræðinni sem lýst er að ofan og skuldabréfið metið út frá væntum endurheimtum (e. expected recovery value) og það vaxtafryst. Við mat á væntum endurheimtum er horft til reynslu af endurheimtum frá sambærilegum félögum, ársreikninga félags og yfirlýsinga frá félaginu sjálfu. Sé útgefandi kominn í greiðslustöðvun, hafi ekki staðið í skilum eða lýst yfir að ekki verði greitt af skuldabréfi eru væntar endurheimtur metnar 0-1% og skuldabréfið fært í innheimtuferli. Ef nýjar upplýsingar berast frá útgefanda skuldabréfs, sem hefur áður verið niðurfært að fullu, er skuldabréfið endurmetið sem gæti leitt til uppfærslu á verðmati. Vegna mikillar óvissu um mat á skuldabréfum geta endanlegar endurheimtur verið verulega frábrugðnar mati í lok júní 2012.

Skýringar, frh.:

6. Erlend viðskipti

Viðskipti í erlendum gjaldmiðli eru umreiknuð í íslenskar krónur á gengi viðskiptadags, skv. gengisveitu Reuters. Erlendar eignir og skuldir eru færðar á gengi í lok tímabilsins. Eignir í erlendri mynt umfram skuldir nema 997 milljónum króna í lok tímabilsins og greinast þannig:

	EUR	USD	GBP	SEK
Eignir	821.771	60.014	114.708	203
Skuldir	(3)	0	0	0
Nettó staða 30.06.2012	821.768	60.014	114.708	203
Nettó staða 31.12.2011	901.884	65.171	111.248	200

7. Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnvirði.

8. Handbært fé

Handbært fé samanstendur af óbundnum bankainnstæðum.

9. Tekjuskattseign

Tekjuskattseign félagsins er reiknuð og færð í ársreikninginn. Útreikningur hennar byggist á mismun efnahagsliða samkvæmt skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi hins vegar. Mismunur, sem þannig kemur fram, stafar af því að álagning tekjuskatts er miðuð við aðrar forsendur en reikningsskil félagsins og er þar í meginatriðum um að ræða tímamismun vegna niðurfærslu á verðbréfaeign og gengismunar sem dreift er á þrjú ár í samræmi við skattalög. Reiknuð skattin eign vegna yfirfæranlegs taps frá fyrra ári er færð til eignar.

10. Hreinar fjármunatekjur

Hreinar fjármunatekjur greinast þannig:

	1.1. - 30.6 2012	1.1. - 30.6 2011
Verðbreytingar verðbréfaeignar	33.382 (25.744)
Myntgengismunur	12.890	59.202
Vaxtatekjur	5.491	5.803
Vaxtagjöld	(37)	(88)
Hreinar fjármunatekjur	51.726	39.173

11. Starfsmannamál

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

Laun	140.915	112.842
Launatengd gjöld	36.435	23.331
Laun og tengd gjöld samtals	177.350	136.174

Starfsmannafjöldi á árinu var sem hér segir:

Starfsmenn í lok tímabils	17	16
Meðalfjöldi starfsmanna á tímabilinu	17	16

12. Tekjuskattur

Tekjuskattur ársins	158.713	77.746
Leiðrétting frá fyrra ári	9.273	0
Tekjuskattur samtals	167.986	77.746

Skýringar, frh.:

13. Verðbréf

Verðbréf með breytilegum tekjum eru óskráð og greinast þannig:	30.06.2012	31.12.2011
Hlutdeildarskírteini útgefin af sjóðum reknur af Stefni hf.	1.085.343	852.108
Hlutdeildarskírteini útgefin af öðrum	151.094	147.868
Eignarhlutir í fjárfestingarfélögum	47.011	35.063
	<u>1.283.447</u>	<u>1.035.038</u>

Verðbréf með föstum tekjum greinast þannig:

Skráð í Kauphöll Íslands:

Útgefin af opinberum aðilum	11.810	13.920
Óskráð:		
Útgefin af opinberum aðilum	5.263	5.521
Útgefin af öðrum	56.293	57.442
	<u>73.366</u>	<u>76.884</u>
Verðbréf samtals	<u>1.356.814</u>	<u>1.111.922</u>

14. Tengdir aðilar

Tengdir aðilar Stefns hf. eru móðurfélagið, Arion banki hf. ásamt dóttur- og hlutdeildarfélögum bankans, sjóðir í rekstri, stjórn og lykilstjórnendur Stefns.

Engin óvenjuleg viðskipti voru við tengda aðila á tímabilinu. Viðskipti við tengda aðila eru á grundvelli þjónustusamninga og eru verðlögð eins og um ótengda aðila væri að ræða.

Viðskipti við tengd félög 1. janúar til 30. júní 2012:

	Tekjur	Gjöld	Kröfur/Eignir	Skuldir
Samstæða Arion banka	506.070	107.424	850.810	196.415
Sjóðir í rekstri Stefns	609.354		148.641	27.051
	<u>1.115.424</u>	<u>107.424</u>	<u>999.451</u>	<u>223.465</u>

15. Eigið fé

a. Hlutfé félagsins nemur 43,5 millj. kr. í lok júní 2012. Eitt atkvæði fylgir hverjum einnar krónu hlut í félaginu.

b. Yfirlit um breytingar á eigin fé:

	Hlutfé	Lögbundinn varasjóður	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1.1.2011	43.500	10.875	2.159.937	2.214.312
Greiddur arður			(500.000)	(500.000)
Hagnaður tímabilsins			673.608	673.608
Eigið fé 31.12.2011	<u>43.500</u>	<u>10.875</u>	<u>2.333.545</u>	<u>2.387.920</u>
Eigið fé 1.1.2012	43.500	10.875	2.333.545	2.387.920
Greiddur arður			(700.000)	(700.000)
Hagnaður tímabilsins			625.578	625.578
Eigið fé 30.06.2012	<u>43.500</u>	<u>10.875</u>	<u>2.259.122</u>	<u>2.313.497</u>

Skýringar, frh.:

15. Eigið fé, frh.

- c. Eigið fé í lok júní er 2.313 þús. kr. eða 88,9% af niðurstöðu efnahagsreiknings. Eiginfjárlutfall rekstrarfélagsins sem reiknað er samkvæmt ákvæðum 84. gr. laga um fjármálafyrirtæki er 78,5% en lágmarks eiginfjárlutfall er 8% samkvæmt lögum. Hlutfallið reiknast þannig:

	30.06.2012	31.12.2011
Heildar eigið fé	2.313.497	2.387.920
Skatteign	(51.175)	(209.888)
Eiginfjárgrunnur	<u>2.262.322</u>	<u>2.178.032</u>
Heildar eiginfjárfkrafa greinist þannig:		
Útlánaáhætta	150.730	130.020
Markaðsáhætta	79.735	78.424
Eiginfjárfkrafa	<u>230.465</u>	<u>208.444</u>
Eiginfjárlutfall	78,5%	83,6%

16. Tekjuskattseign

Tekjuskattseign breytist þannig:

Tekjuskattseign í ársbyrjun	209.888	28.143
Endurálagning skatta 2009-2011	0	326.731
Reiknaður tekjuskattur ársins	(158.713)	(145.794)
Aðrir liðir	0	808
Tekjuskattseign í lok árs	<u>51.175</u>	<u>209.888</u>

Tekjuskattsskuldbinding/-eign skiptist þannig á milli liða:

Yfirfæranlegt tap	11.407	165.714
Verðbréfaeign	39.057	39.057
Frestun gengishagnaðar	(1.221)	3.185
Aðrir liðir	1.932	1.932
Tekjuskattsskuldbinding/-eign í árslok	<u>51.175</u>	<u>209.888</u>

Ríkisskattstjóri gerði á árinu 2011 breytingu á skattframtali félagsins frá árinu 2009 vegna rekstrar á árinu 2008. Breytingin varðaði niðurfærslu á verðbréfaeign sem Ríkisskattstjóri telur ekki hafa verið heimila á þeim tíma. Breytingin hefur ekki veruleg áhrif á fjárhæð niðurfærslunnar en seinkar henni til rekstraráranna 2009 og 2011. Skatteign félagsins í upphafi árs 2011 breyttist vegna þessa og er breytingin skýrð í yfirlitinu hér að ofan. Endurákvæðing tekjuskattur vegna álagningar á árinu 2009 var greiddur á árinu 2011.

17. Aðrar upplýsingar

Slitastjórn Landsbanka Íslands hefur stefnt félaginu fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur. Stefnan byggir á kröfu Slitastjórnar um riftun á útgreiðslum Landsbanka Íslands hf. á peningamarkaðsinnlánum sem voru á gjalddaga snemma í október 2008 til tveggja sjóða í stýringu Stefnis. Um er að ræða fjárhæð sem nemur samtals 450 millj. kr. auk vaxta. Stefnir telur kröfur Slitastjórnar tilhæfulausar. Ætla má að aðalmeðferð fari fram í Héraðsdómi Reykjavíkur síðari hluta ársins 2012.

18. Atburðir eftir lok tímabils

Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) lauk formlegri rannsókn í júlí sl. vegna kaupa á eignum peningamarkaðssjóða haustið 2008. Rannsóknin laut að því hvort kaup Arion banka hf. á eignum úr sjóðunum geti talist ríkisaðstoð. Niðurstaða ESA leiddi í ljós að um ríkisaðstoð hafi verið að ræða en hún hafi verið samrýmanleg grein 61(3)(b) EES samningsins. Stjórn Stefnis er ánægð með að endanleg niðurstaða liggur fyrir og að allri óvissu tengdri rannsókninni hafi nú verið eytt.

Verðbréfasjóðir

Árshlutareikningur 30. júní 2012

Samandreginn árshlutareikningur verðbréfasjóða 30. júní 2012

Verðbréfasjóðir í rekstri eru 9 talsins þann 30. júní 2012 eða einum færri en þeir voru í lok árs 2011. Sjóðnum Stefmir - Lausafjársgjóður var lokað á tímabilinu og nýr sjóður með sama heiti stofnaður sem fjárfestingarsjóður. Unnið er að slitum á sjóðnum. Það sem af er árinu 2012 er einvörðungu sjóðurinn Stefmir - Erlend hlutabréf með jákvæða raunávöxtun. Afkoma verðbréfasjóðanna á árinu var samtals 1.444 millj. kr. miðað við 2.148 millj. kr. fyrir sama tímabil 2011. Hrein eign sjóðanna í lok tímabils var 69.700 millj. kr. og hefur aukist um 956 millj. kr. frá áramótum. Hagnaður varð af rekstri verðbréfasjóða í EUR samtals 321 þús. EUR miðað við 175 þús. EUR tap á sama tímabili árið áður. Hrein eign í lok tímabilsins var 4.347 þús. EUR í erlendum verðbréfasjóðum miðað við 4.032 þús. EUR í árslok 2011. Hrein eign verðbréfasjóða í ISK hækkar um 1,4% og hrein eign EUR sjóða um 7,8%

Rekstur og efnahagur verðbréfasjóða í ISK (í millj. króna)

	Afkoma		Eignir		Skuldir		Hrein eign			Gengi		Raunávöxtun		
	1.1. - 30.06.		30.06.	31.12.	30.06.	31.12.	30.06.	31.12.	Breyting	30.06.	31.12.	síðustu	síðustu	síðustu
	2012	2011	2012	2011	2012	2011	2012	2011		2012	2011	3 mánuði	6 mánuði	12 mánuði
Stefmir - Ríkisverðbréfasjóður langur	533	830	20.640	17.757	39	89	20.601	17.668	16,6%	3,82	3,71	(1,79%)	(0,58%)	6,85%
Stefmir - Ríkisverðbréfasjóður millilangur	364	603	23.108	23.015	51	93	23.057	22.922	0,6%	21.351,72	21.017,21	(1,31%)	(1,85%)	4,82%
Stefmir - Kjarabréf	2	4	273	275	1	2	272	273	(0,4%)	16,19	16,04	(1,22%)	(2,52%)	2,21%
Stefmir - Erlend hlutabréf (1)	49	18	687	660	2	2	685	658	4,2%	228,99	213,64	(10,04%)	3,59%	(4,49%)
Stefmir - Ríkisbréfasjóður óverðtryggður	(8)	(189)	981	2.017	1	3	980	2.014	(51,4%)	138,81	137,55	2,17%	(2,50%)	3,69%
Stefmir - Ríkisskuldabréf verðtryggð	382	703	19.807	15.400	34	28	19.773	15.372	28,6%	134,49	131,36	(2,70%)	(1,09%)	6,92%
Stefmir - Ríkisvixlasjóður	67	159	4.312	6.280	16	18	4.296	6.262	(31,4%)	119,53	118,03	(1,10%)	(2,16%)	(2,83%)
Stefmir - Ríkisverðbréfasjóður stuttur	0	-	36	24	0	0	36	24	-	107,88	106,55	(1,47%)	(2,18%)	0,66%
Stefmir - Lausafjársgjóður (2)	55	20	11	3.553	11	2	0	3.551	-	0,00	103,43	-	-	-
Samtals	1.444	2.148	69.855	68.981	155	237	69.700	68.744	1,4%	-	-	-	-	-

Rekstur og efnahagur verðbréfasjóða í EUR (í þús. EUR)

	Afkoma		Eignir		Skuldir		Hrein eign			Gengi		Nafnávöxtun		
	1.1. - 30.06.		30.06.	31.12.	30.06.	31.12.	30.06.	31.12.	Breyting	30.06.	31.12.	síðustu	síðustu	síðustu
	2012	2011	2012	2011	2012	2011	2012	2011		2012	2011	3 mánuði	6 mánuði	12 mánuði
Stefmir - Scandinavian Fund	321	(175)	4.355	4.040	8	8	4.347	4.032	7,8%	79,82	73,91	(4,84%)	8,00%	(4,44%)
Samtals	321	(175)	4.355	4.040	8	8	4.347	4.032	7,8%	-	-	-	-	-

(1) Varðandi gengi í sjóðnum er vísað í skýringu 15b

(2) Stefni Lausafjársgjóði var lokað á tímabilinu.

Rekstrarreikningur 1. janúar - 30. júní 2012

Skýr.	Stefnir Ríkis- verðbréfa- sjóður langur	Stefnir Ríkis- verðbréfa- sjóður millilangur	Stefnir Kjara- bréf	Stefnir Erlend hlutabréf	Stefnir Ríkisbréfa- sjóður óverð- tryggður	Stefnir Ríkis- skuldabréf verðtryggð	Stefnir Ríkisvixla- sjóður	Stefnir Ríkis - verðbréfa sjóður stuttur	Stefnir Lausafjár sjóður (1)	Samtals 1.1.-30.6. 2012	Samtals 1.1.-30.6. 2011
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld): 2-7											
Vextir, verðbætur, arður og gengismunur	640	499	5	56	0	487	88	0	61	1.836	2.529
Vaxtagjöld	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Hreinar fjármunatekjur	640	499	5	56	0	487	88	0	61	1.836	2.529
Rekstrargjöld:											
Umsýsluþóknun	96	119	3	6	6	93	19	0	5	347	346
Annar rekstrarkostnaður	11	16	0	1	2	12	2	0	1	45	35
	107	135	3	7	8	105	21	0	6	392	381
Afkoma færð á hlutdeildarskírteini	533	364	2	49	(8)	382	67	0	55	1.444	2.148

1) Sjóði hefur verið lokað.

Efnahagsreikningur 30. júní 2012

	Stefnir Ríkis- verðbréfa- sjóður	Stefnir Ríkis- verðbréfa- sjóður	Stefnir Kjara- bréf	Stefnir Erlend hlutabréf	Stefnir Ríkisbréfa- sjóður óverð- tryggður	Stefnir Ríkis- skuldabréf verðtryggð	Stefnir Ríkisvixla- sjóður	Stefnir Ríkis - verðbréfa sjóður stuttur	Stefnir Lausafjár sjóður (1)	Samtals 30.06.2012	Samtals 31.12.2011	
Skýr.	langur	millilangur	bréf	hlutabréf	tryggður	verðtryggð	sjóður	stuttur	sjóður (1)	30.06.2012	31.12.2011	
Eignir:												
Verðbréf með föstum tekjum, skráð	19.984	22.126	250	0	899	19.631	3.647	35	0	66.572	63.219	
Verðbréf með föstum tekjum, óskráð	0	0	10	0	0	0	0	0	0	10	10	
Hlutabréf, skráð	0	0	0	668	0	0	0	0	0	668	653	
Innlán hjá fjármálafyrirtækjum	0	600	0	0	0	0	365	0	0	965	3.703	
Verðbréf samtals	9	19.984	22.726	260	668	899	19.631	4.012	35	0	68.215	67.585
Handbært fé	10	656	382	8	19	82	176	299	1	11	1.634	1.392
Innleystar eignir	11	0	0	5	0	0	0	0	0	5	5	
Aðrar eignir	12	0	0	0	0	0	0	1	0	1	0	
Aðrar eignir samtals		656	382	13	19	82	176	300	1	11	1.640	1.397
Eignir samtals		20.640	23.108	273	687	981	19.807	4.312	36	11	69.855	68.982
Skuldir:												
Hlutdeildarskírteini	15	20.601	23.057	272	685	980	19.773	4.296	36	0	69.700	68.744
Skuldir við rekstrar- og vörslufélag		17	20	1	1	1	17	3	0	60	60	
Aðrar skammtímaskuldir	13	22	31	0	1	0	17	13	0	11	95	178
Aðrar skuldir samtals		39	51	1	2	1	34	16	0	11	155	238
Skuldir samtals		20.640	23.108	273	687	981	19.807	4.312	36	11	69.855	68.982
Hlutdeildarskírteini		20.601	23.057	272	685	980	19.773	4.296	36	0		
Fjöldi eininga (í millj.)		5.397,674	1,080	16,802	2,993	7,057	147,021	35,945	0,332	0,000		
Gengi sjóðsbréfa í lok tímabils	15	3,82	21.351,72	16,19	228,99	138,81	134,49	119,53	107,88	0,00		

1) Sjóði hefur verið lokað.

Yfirlit um breytingar á hlutdeildarskírteinum 1. janúar - 30. júní 2012

Skýr.	Stefnir Ríkis- verðbréfa- sjóður langur	Stefnir Ríkis- verðbréfa- sjóður millilangur	Stefnir Kjara- bréf	Stefnir Erlend hlutabréf	Stefnir Ríkisbréfa- sjóður óverð- tryggður	Stefnir Ríkis- skuldabréf verðtryggð	Stefnir Ríkisvixla- sjóður	Stefnir Ríkis - verðbréfa sjóður stuttur	Stefnir Lausafjár sjóður (1)	Samtals 1.1.-30.6. 2012	Samtals 1.1.-30.6. 2011
Rekstrarhreyfingar:											
Afcoma færð á hlutdeildarskírteini	533	364	2	49	(8)	382	67	0	55	1.444	2.148
Fjármögnunarhreyfingar:											
Seld hlutdeildarskírteini	3.754	2.283	0	15	86	7.097	43	17	2.187	15.482	12.230
Innleyst hlutdeildarskírteini	(1.354)	(2.513)	(3)	(37)	(1.112)	(3.077)	(2.076)	(5)	(5.793)	(15.970)	(15.535)
Fjármögnunarhreyfingar	2.400	(230)	(3)	(22)	(1.026)	4.020	(2.033)	12	(3.606)	(488)	(3.305)
Hækkun (lækkun)	2.933	134	(1)	27	(1.034)	4.402	(1.966)	12	(3.551)	956	(1.157)
Hlutdeildarskírteini í ársbyrjun	17.668	22.923	273	658	2.014	15.371	6.262	24	3.551	68.744	73.713
Hlutdeildarskírteini í lok tímabils	20.601	23.057	272	685	980	19.773	4.296	36	0	69.700	72.556

1) Sjóði hefur verið lokað.

Yfirlit um fjárfestingar 30. júní 2012

	Markaðs- verð	% af hreinni eign
Stefnir - Ríkisverðbréfasjóður langur		
Íslensk ríkisskuldabréf		
Íbúðabréf	15.450	75,0%
Ríkisbréf	2.741	13,3%
Spariskírteini	1.622	7,9%
Húsbréf	163	0,8%
Húsnæðisbréf	8	0,0%
Heildarverðmæti fjárfestinga	19.984	97,0%
Aðrar eignir	656	3,2%
Aðrar skuldir	(39)	(0,2%)
Hrein eign samtals	20.601	100,0%

Stefnir - Ríkisverðbréfasjóður millilangur		
Íslensk ríkisskuldabréf		
Ríkisbréf	7.306	31,7%
Íbúðabréf	11.932	51,7%
Skuldabréf fyrirtækja	1.008	4,4%
Spariskírteini	1.373	6,0%
Húsbréf	266	1,1%
Fjárferstingalánasjóðir	180	0,8%
Húsnæðisbréf	61	0,3%
Innlán hjá fjármálafyrirtækjum	600	2,6%
Heildarverðmæti fjárfestinga	22.726	98,6%
Aðrar eignir	382	1,6%
Aðrar skuldir	(51)	(0,2%)
Hrein eign samtals	23.057	100,0%

Stefnir - Kjarabréf		
Skuldabréf		
Ríkisbréf	125	45,8%
Íbúðabréf	91	33,4%
Ríkisvixlar	19	7,0%
Húsbréf	14	5,1%
Húsnæðisbréf	1	0,4%
Óskráð skuldabréf	10	3,7%
Heildarverðmæti fjárfestinga	260	95,4%
Aðrar eignir	8	2,9%
Innleystar eignir	5	1,9%
Aðrar skuldir	(1)	(0,2%)
Hrein eign samtals	272	100,0%

Yfirlit um fjárfestingar 30. júní 2012, frh.:

	Markaðs- verð	% af hreinni eign
Stefnir - Erlend hlutabréf		
Erlend hlutabréf		
Fyrirtæki í þungaiðnaði	118	17,2%
Fjármála- og tryggingafyrirtæki	118	17,2%
Smá- og heildsölufyrirtæki	157	22,9%
Ýmis iðnaðar- og þjónustufyrirtæki	110	16,0%
Hátæknifyrirtæki	105	15,4%
Lyfja- og læknisfræðileg fyrirtæki	60	8,7%
Heildarverðmæti fjárfestinga	668	97,4%
Aðrar eignir	19	2,8%
Aðrar skuldir	(2)	(0,2%)
Hrein eign samtals	685	100,0%
Stefnir - Ríkisbréfasjóður óverðtryggður		
Íslensk ríkisskuldabréf		
Ríkisbréf	899	91,8%
Heildarverðmæti fjárfestinga	899	91,8%
Aðrar eignir	82	8,3%
Aðrar skuldir	(1)	(0,1%)
Hrein eign samtals	980	100,0%
Stefnir - Ríkisskuldabréfasjóður verðtryggður		
Íslensk ríkisskuldabréf		
Íbúðarbréf	15.658	79,2%
Ríkisbréf	3.973	20,1%
Heildarverðmæti fjárfestinga	19.631	99,3%
Aðrar eignir	176	0,9%
Aðrar skuldir	(34)	(0,2%)
Hrein eign samtals	19.773	100,0%

Yfirlit um fjárfestingar 30. júní 2012, frh.:

	Markaðs- verð	% af hreinni eign
Stefnir - Ríkisvixlasjóður		
Skuldabréf og víxlar með ábyrgð íslenska ríkisins		
Ríkisvixlar	1.065	24,8%
Ríkisbréf	2.582	60,1%
Innlán		
Innlán hjá fjármálafyrirtækjum	365	8,5%
Heildarverðmæti fjárfestinga	4.012	93,4%
Aðrar eignir	300	7,0%
Aðrar skuldir	(16)	(0,4%)
Hrein eign samtals	4.296	100,0%
Stefnir - Ríkisverðbréfasjóður stuttur		
Skuldabréf-og víxlar með ábyrgð íslenska ríkisins		
Ríkisbréf	15	42,2%
Ríkisvixlar	0	0,0%
Spariskirteini	8	22,5%
Íbúðabréf	12	33,8%
Heildarverðmæti fjárfestinga	35	98,5%
Aðrar eignir	1	1,5%
Aðrar skuldir	0	(0,0%)
Hrein eign samtals	36	100,0%
Stefnir - Lausafjársgjóður (1)		
Ríkisvixlar	0	0,0%
Innlán	0	0,0%
Heildarverðmæti fjárfestinga	0	0,0%
Aðrar eignir	11	-
Aðrar skuldir	(11)	-
Hrein eign samtals	0	0,0%

Skýringar

Reikningsskilaaðferðir

1. Starfsemi

Tilgangur Stefnis hf. er að annast rekstur verðbréfasjóða, fjárfestingarsjóða og fagfjárfestasjóða. Stefnir er dótturfélag Arion banka hf. og er A hluti árshlutareiknings Stefnis hluti af samstæðureikningi bankans og dótturfélaga hans. Árshlutareikningur Stefnis hf. skiptist í A og B hluta. A hlutinn er rekstrarfélagið sjálft og B hlutinn einstakir sjóðir rekstrarfélagsins.

2. Grundvöllur reikningsskila

Árshlutareikningur Verðbréfasjóða Stefnis hf. er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um reikningsskil rekstrarfélaga verðbréfasjóða. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum að því undanskildu að verðbréf eru almennt metin á markaðsverði. Árshlutareikningurinn er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Árshlutareikningurinn er gerður í íslenskum krónum og eru fjárhæðir birtar í milljónum. Árshlutareikningur sjóðanna er ekki hluti af árshlutareikningi bankans vegna eðlis starfseminnar.

3. Mat og ákvarðanir

Við gerð árshlutareikninga þurfa stjórnendur í samræmi við lög um ársreikninga að meta og taka ákvarðanir um mikilvæga liði árshlutareikningsins, sem vegna eðlis síns eru háðir mati hverju sinni. Við matið er byggt á reynslu og ýmsum þeim þáttum sem taldir eru viðeigandi um mat þessara liða, sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti. Breytingar samkvæmt þessu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

4. Erlendir gjaldmiðlar

Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á kaupgengi í júnílok 2012 skv. gengisveitu Reuters. Rekstrartekjur og rekstargjöld í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknuð á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við umreikning eigna er færður í rekstrarreikning viðkomandi sjóðs. Sjóðir sem eru með grunnmynt aðra en íslenska krónu eru birtir í viðkomandi mynt.

5. Verðtryggðar eignir og skuldir

Verðtryggðar eignir og skuldir eru umreiknaðar miðað við vísitölur sem tóku gildi í byrjun júlí 2012. Áfallnar verðbætur á höfuðstól eigna og skulda eru færðar í rekstrarreikning viðkomandi sjóðs.

6. Vaxtatekjur og vaxtagjöld

Vaxtatekjur og vaxtagjöld eru færð í rekstrarreikninginn eftir því sem þau falla til og er miðað við virka vexti.

7. Arður

Arður er tekjufærður þegar krafa um hann myndast, það er þann dag sem arðurinn er til útborgunar. Fjármagnstekjuskattur vegna arðs af erlendum hlutabréfum er dreginn frá arðstekjum í rekstrarreikningi í þeim tilvikum, þar sem ekki er í gildi tvísköttunarsamningur milli Íslands og viðkomandi ríkis um að slíkar tekjur skuli skattleggjast hér á landi.

Skýringar, frh.:

8. Umsýslupóknun

Sjóðirnir greiða Stefni hf. eignastýringarpóknun sem innifelur meðal annars eftirtalinn kostnað við rekstur sjóðanna; laun starfsmanna rekstrarfélagsins, markaðskostnað og umsýslu en auk þess greiða sjóðirnir vörslupóknun til Verdis hf. Auk umsýslupóknunar greiða sjóðirnir hlutdeild í beinum útlögðum kostnaði sem ekki er innifalinn í þóknun rekstrarfélagsins s.s vegna áskriftar að verðbréfavísitölum, endurskoðunar, lögfræðikostnaðar og póst og pappírskostnað. Umsýslupóknunin reiknast sem fast hlutfall af hreinni eign hvers sjóðs, sem hér greinir:

	Umsýslu- þóknun	Kostn- aðar- hlutdeild
Stefnir - Ríkisverðbréfasjóður langur	1,00%	0,05%
Stefnir - Ríkisverðbréfasjóður millilangur	1,00%	0,05%
Stefnir - Kjarabréf	2,00%	0,05%
Stefnir - Erlend hlutabréf ISK deild	1,95%	0,10%
Stefnir - Erlend hlutabréf EUR deild	1,65%	0,10%
Stefnir - Ríkisbréfasjóður óverðtryggður	1,00%	0,05%
Stefnir - Ríkisskuldabréf verðtryggð	1,00%	0,05%
Stefnir - Ríkisvíxlasjóður	0,70%	0,02%
Stefnir - Ríkisverðbréfasjóður stuttur	0,70%	0,05%
Stefnir - Lausafjár sjóður (1)	0,35%	0,02%

Til viðbótar framangreindri þóknun greiða sjóðirnir kostnað vegna opinbers eftirlits.

(1) Sjóðnum Stefni - Lausafjár sjóður var lokað á tímabilinu og nýr sjóður með sama heiti var stofnaður sem fjárfestingarsjóður.

9. Fjárfestingar

a. Skuldabréf

Skuldabréf sem skráð eru á skipulögðum verðbréfamarkaði sem er virkur og verðmyndandi eru metin á markaðsverði hvers tíma. Með virkum og verðmyndandi markaði er vísað í að dagslokagengi skuldabréfs er ekki byggt á gömlu viðskiptaverði, viðskiptum með óverulegan hluta af heildarútgáfu skuldabréfaflokks eða endurspegli ekki raunverði skuldabréfs að mati sérfræðinga.

Skuldabréf þar sem útgefandi er metinn rekstrarhæfur en er ekki með virka verðmyndun á skipulögðum verðbréfamarkaði er metið á grundvelli ávöxtunarkröfu. Við mat á hæfilegri ávöxtunarkröfu hvers skuldabréfs er horft til almennrar áhættu og aðstæðna á markaði í árslok.

Skuldabréf þar sem útgefandi er ekki metinn rekstrarhæfur er horfið frá aðferðarfræðinni sem lýst er að ofan og skuldabréfið metið út frá væntum endurheimtum (e. expected recovery value) og það vaxtafryst. Við mat á væntum endurheimtum er horft til reynslu af endurheimtum sambærilegra félaga, ársreikninga félags og yfirlýsinga frá félaginu sjálfu. Sé útgefandi kominn í greiðslustöðvun, hann ekki staðið í skilum eða lýst yfir að ekki verði greitt af skuldabréfi eru væntar endurheimtur metnar 0-1% og skuldabréfið fært í innheimtuferli. Ef nýjar upplýsingar berast frá félagum, sem hafa áður verið niðurfærð að fullu, er skuldabréfið endurmetið sem gæti leitt til uppfærslu á verðmati. Vegna mikillar óvissu um mat á skuldabréfum geta endanlegar endurheimtur verið verulega frábrugðnar mati í júnílok 2012.

b. Hlutabréf

Hlutabréf sem skráð eru á opinberum verðbréfamarkaði eru metin á markaðsverði í júnílok. Óskráð hlutabréf eru færð á síðasta þekkta viðskiptaverði eða áætluðu markaðsverði ef það er talið lægra.

c. Hlutdeildarskírteini

Hlutdeildarskírteini í verðbréfasjóðum eru metin samkvæmt því kaupgengi sem gildi á markaðnum í júnílok. Sjóðir sem lokaðir eru í lok tímabilsins eru færðir á endurmetnu innra virði miðað við niðurfærslu undirliggjandi eigna. Gengi sjóða sem áttu í viðkomandi sjóðum er uppfært til samræmis við það.

d. Innlán hjá fjármálafyrirtækjum

Innlán hjá lánastofnunum eru uppfærð með áföllnum vöxtum, verðbótum og gengismun í júnílok.

Skýringar, frh.:

10. Handbært fé

Handbært fé samanstendur af inneignum á bankareikningum ásamt reiknuðum áföllnum vöxtum.

11. Innleystar eignir

Sjóðir hafa leyst til sín eignir í kjölfar nauðasamninga vegna uppgjöra við útgefendur verðbréfa. Þær eignir sem verðbréfasjóðir hafa leyst til sín eru hlutabréf í viðkomandi fyrirtækjum eða þá öðrum sem stofnuð hafa verið í kjölfar fjárhagslegrar endurskipulagningar. Eignir þessar eru óskráðar og því metnar af verðmatsnefnd á ætluðu markaðsvirði.

12. Aðrar eignir

Til annarra eigna teljast óframkomin viðskipti. Auk þess færast frávik á mati eigna til lækkunar við gengisútreikning til annarra eigna.

13. Aðrar skuldir

Til annarra skulda telst óuppgerður fjármagnstekjuskattur og óframkomin viðskipti. Auk þess færast frávik á mati eigna til hækkunar við gengisútreikning til annarra skulda.

14. Skattamál

Verðbréfasjóðir greiða ekki tekjuskatt heldur er hagnaður af rekstri þeirra skattlagður hjá eigendum hlutdeildarskírteinanna. Einstaklingar greiða fjármagnstekjuskatt af hagnaði sínum af bréfum þegar þeir innleysa hann. Hagnaður og tap af hlutdeildarskírteinum telst til skattskyldra tekna eða gjalda hjá félögum óháð innlausn.

Sjóðirnir eru undanþegnir fjármagnstekjuskatti hér á landi en ekki í þeim löndum þar sem fjármagnstekjuskattur er lagður á tekjur erlendra aðila og ekki eru í gildi tvísköttunarsamningar milli Íslands og viðkomandi ríkis um að slíkar tekjur skuli skattleggjast hér á landi.

15. Hlutdeildarskírteini

a. Raunávöxtun verðbréfasjóða Stefnis hf. miðað við 30. júní 2012:

	Síðustu 3 mánuði	Síðustu 6 mánuði	Síðustu 12 mánuði
Stefnir - Ríkisverðbréfasjóður langur	(1,79%)	(0,58%)	6,85%
Stefnir - Ríkisverðbréfasjóður millilangur	(1,31%)	(1,85%)	4,82%
Stefnir - Kjarabréf	(1,22%)	(2,52%)	2,21%
Stefnir - Erlend hlutabréf	(10,04%)	3,59% (4,49%)
Stefnir - Ríkisbréfasjóður óverðtryggður	2,17%	(2,50%)	3,69%
Stefnir - Ríkisskuldabréf verðtryggð	(2,70%)	(1,09%)	6,92%
Stefnir - Ríkisvixlasjóður	(1,10%)	(2,16%)	(2,83%)
Stefnir - Ríkisverðbréfasjóður stuttur	(1,47%)	(2,18%)	0,66%
Stefnir - Lausafjársgjóður	-	-	-

Skýringar, frh.:

b. Yfirlit um bókfært verðmæti og gengi hlutdeildarskírteina í lok hvers árs.

	Bókfært verðmæti			Gengi		
	30.06.2012	2011	2010	30.06.2012	2011	2010
Stefnir - Ríkisverðbréfasj. langur	20.601	17.668	18.161	3,82	3,71	3,24
Stefnir - Ríkisverðbréfasjóður						
- millilangur	23.057	22.923	25.260	21.351,72	21.017,21	18.855,85
Stefnir - Kjarabréf	272	273	255	16,19	16,04	14,80
Stefnir - Erlend hlutabréf (1)	685	658	798	229,09	213,64	223,44
Stefnir - Ríkisbréfasjóður, óverðtr.	980	2.014	4.160	138,81	137,55	133,79
Stefnir - Ríkisskuldabréf, verðtr.	19.773	15.371	10.209	134,49	131,36	112,96
Stefnir - Ríkisvixlasjóður	4.296	6.262	14.870	119,53	118,03	115,14
Stefnir - Ríkisverðbréfasj. stuttur	36	24	-	107,88	106,55	-
Stefnir - Lausafjársgjóður	0	3.551	-	-	103,43	-

(1) Skuldbindingar sjóðsins Stefnir - Erlend hlutabréf eru í tveimur hlutum, þ.e. í ISK og EUR. Eignasafnið er sameiginlegt fyrir hlutana og skiptist eftir hlutföllum skuldbindinganna við útreikning á gengisrunum.

	Bókfært verðmæti			Gengi		
	30.06.2012	2011	2010	30.06.2012	2011	2010
Stefnir erlend hlutabréf, ISK	244	228	269	211,17	196,63	205,27
Stefnir erlend hlutabréf, EUR	441	430	529	1,52	1,41	1,53

Skýringar, frh.:

16. Yfirlit um hlutfallslega skiptingu eigna einstakra sjóða og fjárfestingarstefnu.

	Eign		Breyting	Fjárfestingarstefna	
	30.06.2012	31.12.11		Lágmark	Hámark
	%	%	%	%	%
Stefnir - Ríkisverðbréfasjóður langur					
Skráð skuldabréf og víxlar af eða með ábyrgð					
íslenska ríkisins	100	100	0	50	100
Innlán hjá fjármálafyrirtækjum	0	0	0	0	20
Aðrir fjármálagerningar en um er getið í					
liðum 1-2 sbr. hér að framan, þ.m.t. afleiður	0	0	0	0	10
Stefnir - Ríkisverðbréfasjóður - millilangur					
Skráð skuldabréf og víxlar útgefnir af eða með					
ábyrgð íslenska ríkisins	97	99 (2)	60	100
Innlán hjá fjármálafyrirtækjum	3	1	2	0	20
Aðrir fjármálagerningar en um er getið í					
liðum 1-2 hér að ofan	0	0	0	0	10
Stefnir - Kjarabréf					
Skr. skuldabréf, víxlar og aðrar skuldaviðurk.	96	96	0	50	100
Óskráð innlend skuldabréf og víxlar	4	4 (1)	0	10
Innlán hjá fjármálafyrirtækjum	0	0	0	0	20
Peningamarkaðsskjöl	0	0	0	0	20
Aðrir fjármálagerningar en getið er um að					
ofan, þ.m.t. afleiður	0	0	0	0	10
Stefnir - Erlend hlutabréf					
Hlutabréf skráð á erlenda hlutabréfamarkaði	100	100	0	80	100
Hlutdeildarskírteini kauphallarsjóða	0	0	0	0	20
Hlutdeildarskírteini peningamarkaðssjóða	0	0	0	0	10
Innlán hjá fjármálafyrirtækjum	0	0	0	0	10
Afleiður vegna stöðutöku	0	0	0	0	10
Stefnir - Ríkisbréfasjóður óverðtryggður					
Óverðtryggð ríkisskuldabréf, ríkisvíxlar og					
önnur óverðtryggð skuldabréf með ábyrgð					
íslenska ríkisins	100	100	0	90	100
Innlán hjá fjármálafyrirtækjum	0	0	0	0	10
Stefnir - Ríkisskuldabréf verðtryggð					
Verðtryggð skuldabréf og aðrar verðtryggðar					
skuldaviðurkenningar útgefnar af eða með					
ábyrgð íslenska ríkisins	100	100	0	90	100
Innlán hjá fjármálafyrirtækjum	0	0	0	0	10
Stefnir - Ríkisvíxlasjóður					
Ríkisvíxlar og ríkisskuldabréf, þ.e. víxlar,					
skuldabréf og aðrar skuldaviðurkenningar					
með ábyrgð íslenska ríkisins	91	94 (3)	90	100
Innlán hjá fjármálafyrirtækjum	9	6	3	0	10

Skýringar, frh.:

16. Yfirlit um hlutfallslega skiptingu eigna einstakra sjóða og fjárfestingarstefnu, frh.

	Eign	Eign	Breyting	Fjárfestingarstefna	
	30.06.2012	31.12.11		Lágmark	Hámark
	%	%	%	%	%
Stefnir - Ríkisverðbréfasjóður stuttur					
Skráð skuldabréf, víxlar og aðrar skulda- viðurkenningar útgefnar af eða með ábyrgð					
íslenska ríkisins	100	100	0	70	100
Innlán hjá fjármálafyrirtækjum	0	0	0	0	20
Aðrir fjármálagerningar en um er getið í liðum 1-2 hér að ofan					
	0	0	0	0	10
Stefnir - Lausafjársjóður					
Víxlar, skuldabréf og aðrar skuldaviðurkenn. útgefnar af eða með ábyrgð íslenska ríkisins					
	0	5	-5	0	60
Innlán hjá fjármálafyrirtækjum	0	95	-95	40	100
Endurhverf viðskipti með fjármálagerninga	0	0	0	0	50

Skýringar, frh.:

17. Sundurliðun fjárfestinga sjóðsdeilda og hlutfallsleg skipting:

	Ríki, sveitarfél. eða alþj. stofn.		Hlutdeildar- skírteini		Hlutabréf		Annað		Samtals	
	kr.	%	kr.	%	kr.	%	kr.	%	kr.	%
Stefnir - Ríkisverðbréfasj. langur										
Verðbréf, önnur en peninga- markaðsskjöl, skráð á skipulegum verðbréfamarkaði	19.984	100							19.984	100
	19.984	100	-	-	-	-	-	-	19.984	100
Stefnir - Ríkisverðbréfasj. millilangur										
Verðbréf, önnur en peninga- markaðsskjöl, skráð á skipulegum verðbréfamarkaði	22.126	97							22.126	97
Innlán hjá fjármála- fyrirtækjum	600	3							600	3
	22.726	100	-	-	-	-	-	-	22.726	100
Stefnir - Kjarabréf										
Skuldabréf og víxlar með ábyrgð ríkis srkád í Kauphöll Íslands	250	96							250	96
Óskráð innl. Skuldabréf og víxlar							10	4	10	4
	250	96	-	-	-	-	10	4	260	100
Stefnir - Erlend hlutabréf										
Verðbréf, önnur en peninga- markaðsskjöl, skráð á skipulegum verðbréfamarkaði, ERL ..					668	100			668	100
	-	-	-	-	668	100	-	-	668	100
Stefnir - Ríkisbréfasj. óverðtryggður										
Óverðtrygg verðbréf, önnur en peningamarkaðsskjöl, skráð á skipulegum verðbréfamarkaði	899	100							899	100
	899	100	-	-	-	-	-	-	899	100
Stefnir - Ríkisskuldabréf verðtryggð										
Verðtrygg verðbréf, önnur en peningamarkaðsskjöl, skráð á skipulegum verðbréfamarkaði	19.631	100							19.631	100
	19.631	100	-	-	-	-	-	-	19.631	100

Skýringar, frh.:

17. Sundurliðun fjárfestinga sjóðsdeilda og hlutfallsleg skipting, frh.

	Ríki, sveitarfél. eða alþj. stofn.		Hlutdeildar- skírteini		Hlutabréf		Annað		Samtals	
	kr.	%	kr.	%	kr.	%	kr.	%	kr.	%
Stefnir - Ríkisvixlasjóður										
Ríkisvixlar og ríkisskuldabréf þ.e. vixlar og aðrar skuldaviðurk. útg. eða með áb. ísl. ríkisins	3.647	91							3.647	91
Innlán hjá fjármála- fyrirtækjum							365	9	365	9
	<u>3.647</u>	<u>91</u>	<u>-</u>	<u>-</u>	<u>-</u>	<u>-</u>	<u>365</u>	<u>9</u>	<u>4.012</u>	<u>100</u>
Stefnir - Ríkisverðbréfasjóður stuttur										
Ríkisvixlar og ríkisskuldabréf þ.e. vixlar og aðrar skuldaviðurk. útg. eða með áb. ísl. ríkisins	35	100							35	100
	<u>35</u>	<u>100</u>	<u>-</u>	<u>-</u>	<u>-</u>	<u>-</u>	<u>-</u>	<u>-</u>	<u>35</u>	<u>100</u>

Verðbréfasjóðir í EUR
Árshlutareikningur 30. júní 2012

Rekstrarreikningur 1. janúar - 30. júní 2012

	Skýr.	Stefnir - Scandinavian Fund 1.1.-30.6. 2012	Stefnir - Scandinavian Fund 1.1.-30.6. 2011
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):	2-6		
Vextir, verðbætur, arður og gengismunur		374	(94)
Hreinar fjármunatekjur		374	(94)
Rekstrargjöld:			
Umsýsluþóknun	7	47	46
Annar rekstrarkostnaður		6	35
		<u>53</u>	<u>81</u>
Afkoma færð á hlutdeildarskírteini		<u>321</u>	<u>(175)</u>

Efnahagsreikningur 30. júní 2012

	Skýr.	Stefnir - Scandinavian Fund 30.06.2012	Stefnir - Scandinavian Fund 31.12.2011
Eignir:			
Hlutabréf, skráð		4.285	3.953
Verðbréf samtals	8	4.285	3.953
Handbært fé	9	68	87
Aðrar eignir	10	2	0
Aðrar eignir samtals		70	87
Eignir samtals		4.355	4.040
Skuldir:			
Hlutdeildarskírteini	13	4.347	4.032
Skuldir við rekstrar- og vörslufélag		8	7
Aðrar skuldir samtals		8	8
Skuldir samtals		4.355	4.040
Hrein eign		4.347	
Fjöldi eininga (í þús.)		54,462	
Gengi sjóðsbréfa í lok tímabilsins	13	79,82	

Yfirlit um breytingar á hlutdeildarskírteinum

1. janúar - 30. júní 2012

	Stefnir - Scandinavian Fund	Stefnir - Scandinavian Fund
Skýr.	1.1.-30.6. 2012	1.1.-30.6. 2011
Rekstrarhreyfingar:		
Hagnaður ársins færður á hlutdeildarskírteini	321	(175)
Fjármögnunarhreyfingar		
Seld hlutdeildarskírteini	40	599
Innleyst hlutdeildarskírteini	(46)	(142)
Fjármögnunarhreyfingar	(6)	457
Hækkun (lækkun).....	315	282
Hlutdeildarskírteini í ársbyrjun	4.032	4.221
Hlutdeildarskírteini í lok tímabilsins.....	<u>4.347</u>	<u>4.502</u>

Yfirlit um fjárfestingar 30. júní 2012

Stefnir - Scandinavian Fund	Markaðs- verð	% af hreinni eign
Hlutabréf		
Fyrirtæki í þungaiðnaði	713	16,4%
Fjármála- og tryggingafyrirtæki	842	19,4%
Smá- og heildsólufyrirtæki	597	13,7%
Ýmis iðnaðar- og þjónustufyrirtæki	1.319	30,3%
Hátækniyrirtæki	366	8,4%
Lyfja- og læknisfræðileg fyrirtæki	448	10,3%
Heildarverðmæti fjárfestinga	4.285	99%
Aðrar eignir	70	1,6%
Aðrar skuldir	(8)	(0,2%)
Hrein eign samtals	<u>4.347</u>	<u>100%</u>

Skýringar

Reikningsskilaaðferðir

1. Starfsemi

Tilgangur Stefnis hf. er að annast rekstur verðbréfasjóða, fjárfestingarsjóða og fagfjárfestingsjóða. Stefnir er dótturfélag Arion banka hf. og er A hluti ársreiknings Stefnis hluti af samstæðureikningi bankans og dótturfélaga hans. Stefnir skiptist í A og B hluta. A hlutinn er rekstrarfélagið sjálft og B hlutinn einstakir sjóðir rekstrarfélagsins.

2. Grundvöllur reikningsskila

